

**Umsögn um þingskjal 10 – 10. mál. Tillaga til þingsályktunar um sókn í atvinnumálum.**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands fagnar almennum úrbóta hugmyndum ályktunarinnar. Varðandi einstök atriði þá viljum við að eftirfarandi komi fram:

1. Ályktunin fjallar um að tryggja samkeppnishæfni Íslands. Þetta er eitt af megin áherslum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Í þessu sambandi viljum við benda á til viðbótar við þau atriði sem nefnd eru í ályktuninni þau alþjóðlegu viðmið sem notuð eru til að mæla árangur á þessu sviði. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er samstarfsaðili Alþjóðaefnahagsráðsins sem starfrækir þekktasta mælikvarða á þessu sviði. Hagnýtt væri að skoða veikleika Íslands í umræddri könnun og leggja út af umbótum til að auka samkeppnishæfnina. Ísland var í 30. sæti meðal 144 þjóðríkja hvað varðar samkeppnishæfni á þessu ári.

Þessu til viðbótar má benda á rannsóknir og mælingar sem unnar hafa verið á hinum Norðurlöndunum þar sem samkeppnishæfni er mæld út frá ýmsum „næmari“ mælikvörðum, en WEF gerir. Taka ætti upp samfelldar og virkar mælingar á samkeppnishæfni Íslands og íslenskra fyrirtækja, en slíkum mælingum verður að fylgja viðbragðs- og framkvæmdaáætlun sem nær til efnahagslífsins á breiðum grundvelli.

2. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er annt um að auka skilvirkni stoðkerfisins jafnt fyrir frumkvöðla sem og starfandi fyrirtæki. Miðstöðin hefur hvatt til aukinnar samvinnu stofnanna og samstarfs. Auk þess hefur hún lagt áherslu á að nálgast lausn viðfangsefna á heilstæðan hátt. Það er gott að geta einfaldað stofnannaumgjörðina en það má ekki vera á kostnað fjölbreytileikans. Að stofna til atvinnuþróunnarráðs í hverjum landshluta getur gert stuðningskerfið flóknara en ella, nema aðrar úrbætur fylgji með sem gerir kerfið einfaldara. Til að ná frekari árangri á þessu sviði þyrfti að líta til núverandi verkefna og styrkja þau sem nú þegar skila góðum árangri. Í þessu sambandi viljum við benda á að nauðsynlegt er að opna núverandi styrkjakerfi sem ætlað er frumkvöðlum á landsbyggðinni fyrir frumkvöðla í þéttbýli. Það sama má segja um stuðningsverkefni sem Nýsköpunarmiðstöð rekur á sviði frumkvöðlastarfs, vöru- og þjónustuþróunar, klasasamstarfs fyrirtækja og ýmissa ráðgjafaverkefna sem snúast um að hvetja fyrirtæki til virðisaukandi nýsköpunar.
3. Nýsköpunarmiðstöð Íslands fagnar áskorun um aukið fé í Tækniþróunarsjóð og aðra fjárhagslega fyrirgreiðslu gagnvart einstaka atvinnugreinum atvinnulífsins. Miðstöðin vill hins vegar leggja áherslu á langtímaverkefni við uppbyggingu sprota í greinum eins og ferðaþjónustu, kvikmyndagerð og tónlist, sem fjallað er um í ályktuninni. Markviss markaðssetning sem byggir á vel ígrunduðum markaðsrannsóknnum ásamt öflugum þróunarverkefnum er öflugasta aðferðin við að koma á og styðja við nýsköpun. Varðandi lausnir fyrir fólk í atvinnuleit og aukið starfsnám eða þekkingu þá hefur Nýsköpunarmiðstöð Íslands haft frumkvæði að úrlausnum á þessum sviðum. Nefna má í þessu sambandi samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar og Vinnumálastofnunar; „Starfsorka“ og „Eigið frumkvöðlastarf“ . Innan vébanda Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er fjöldi hugmynda um

verkefni til frekari stuðnings fyrir atvinnuleitendur og fólk sem vinnur að viðskiptahugmyndum eða sækist eftir frekari fjölbreytni í starfi.

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands**